

Fundur foreldraráðs Leikskólans Klettaborgar

10. október 2017

Mætt voru: Steinunn Baldursdóttir leikskólastjóri, Ólöf Kristín Jónsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir og Sigursteinn Sigurðsson sem ritaði fundargerð.

Ólöf mætir nú í fyrsta skipti á fund foreldraráðs og er hún boðin velkomin.

1. Starfsáætlun skólaárið 2017-2018

Steinunn fer yfir starfsáætlun næsta skólaárs. Verkefni eru fjölbreytt og margslungin og eru dreifð á starfsfólk leikskólans. Foreldraráð þarf að skrifa umsögn um áætlun þessa sem þarf að taka fyrir í fræðslunefnd Borgarbyggðar. Sigursteinn tekur að sér að undirbúa umsögn.

2. Fjárhagsáætlun

Verið er að vinna fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Nú er verið að taka upp nýtt launakerfi hjá Borgarbyggð og hefur það áhrif á fjárhagsáætlunina. Jafnframt hefur sumarlokun áhrif á gerð áætlunarinnar. Foreldraráð þarf að koma aftur saman innan skamms og ræða fjárhagsáætlunina þegar hún liggur fyrir. Steinunn mun boða þann fund.

Rætt var um sumarlokun og reynslu foreldra, stjórnenda og starfsfólks af henni.

3. Önnur mál

Góð skráning var á foreldranámskeið sem verður haldið í fjögur skipti frá og með 23. október n.k. Það eru ánægjuleg tíðindi þar sem ekki var hægt að halda námskeið áður vegna dræmrar þátttöku.

Leikskólinn er ekki alveg fullskipaður þannig svigrúm er að taka við nýjum nemendum.

Framundan er að endurnýja skiptiaðstöðu í Ólátagarði og var foreldraráð upplýst um það.

Fleira var ekki gert.

Sigursteinn ritaði.